

172

21. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181 1. desember 1958.

14. gr. orðist svo:

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknast í heilum krónum.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli eða áætlun, er heimilt að krefja skattinn á 4 gjalddögum, í loks hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Sé aukavatnsskatturinn eigi greiddur á réttum gjalddögum, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerðarsamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

173

26. sept.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðfélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Blanda.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða og landa, sem land eiga að vatnakerfi Blöndu. Þær eru:

Í Svinavatnshreppi:

1. Auðkúluheiði,
2. Þröm,
3. Eldjárnsstaðir,
4. Eiðsstaðir,
5. Guðlaugsstaðir,
6. Höllustaðir,
7. Syðri Löngumýri,
8. Ytri Löngumýri,
9. Tungunes,
10. Kárastaðir,

11. Ásar,
12. Hamar,
13. Gunnfríðarstaðir,
14. Holtastaðareitur.

Í Torfalækjarhreppi:

1. Grænahlíð,
2. Kagaðarhóll,
3. Kaldakinn I,
4. Kaldakinn II,
5. Kaldakinn III.